

Mál nr. 476/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi. Frestur til lögfræðilegra aðgerða.

Gögn.

1. Málskot móttengið 12. desember 2024 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 7. janúar 2025 ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. janúar 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 27. janúar 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 24. desember 2022, var lögregla kölluð á vettvang umferðarslyss í Ártúnsbrekku hinn 23. desember s.á. Hafði bifreiðin A, sem M ók, þá hafnað á ljósastaur eftir að hafa verið ekið aftan á bifreiðina B. Báru vitni að A hefði verið ekið afar geyst í aðdraganda atviksins. Í lögregluskýrslunni segir að M hafi verið talsvert undir áhrifum eiturefna, verið ruglingslegur og virst illa áttaður. Greindist þá amfetamín og metýlfenídat í blóði hans. V vísaði til þess að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn og felldi bótarétt hans að fullu niður.

Í málskoti er vísað til þess að í framburðarskýrslu M fyrir lögreglu komi fram að hann sé með uppáskriftuð lyfin Sobril og Elvance og geti notkun þeirra útskýrt tilvist framangreindra efna í blóði hans. Virka lyfið í Elvance sé amfetamín og án ítarlegri greiningar á blóðsýni komi ekki fram í niðurstöðum hvort um sé að ræða fíkniefni eða lyfseðilsskylt lyf. Styrkur amfetamíns í blóði M hafi verið lágur og samræmist skömmum í lækningarskyni. V hafi hins vegar hafnað því að hlutast til um frekari rannsóknir. Notkun lyfja í læknisfræðilegum tilgangi eigi ekki að leiða til þess að V geti hafnað bótaskyldu án frekari skoðunar á atvikum mála.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess sem fram kemur í lögregluskýrslu um að M hafi upphaflega sagst hafa verið farþegi í bifreiðinni og ekki verið reiðubúinn til að ræða við lögreglu. Hann virðist þá ekki hafa munað hvaðan hann var að koma og hvert hann var að fara. M hafi ekið bifreiðinni án þess að hafa til þess gild ökuréttindi og ökuhraði hennar verið langt umfram lögbundinn hámarkshraði. Þá hafi hann samkvæmt lýsingu í skýrslunni verið undir áhrifum. V beri þá engin skylda til að afla frekari gagna, s.s. ítarlegri greiningar á blóðsýni, en M sjálfum hafi verið í lófa lagið að afla þeirra. Það hafi ekki verið gert og verði M að bera hallann af sönnunarskorti sem af því hljóttist.

Þá vísar V til þess að bótaskyldu hafi verið hafnað hinn 16. febrúar 2023. Þegar málskot M var lagt fyrir nefndina hafi frestur 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 til lögfræðilegra aðgerða því verið liðinn. Sé mögulegur bótaréttur m því fallinn niður vegna tómlætis.

M mótmælir því sérstaklega að hann hafi haft vitneskju um höfnun V á bótaskyldu fyrr en hún barst með tölvupósti V til lögmans M dags. 19. desember 2023.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að M hafi verið sent ábyrgðarbréf á skráð lögheimili 5. janúar 2023, þar sem fram hafi komið að til skoðunar væri að skerða bótarétt hans. Eftir að niðurstaða blóðsýna lá fyrir hafi M verið sent annað bréf, dags. 16. febrúar 2023, þar sem fram hafi komið að bótaréttur hans félli niður að fullu. Það bréf hafi einnig verið sent með ábyrgðarpósti á skráð lögheimili M. Bréfið hafi þó komið til baka til V og þyki ljóst að M hafi ekki viljað veita því viðtöku. Það geti þó ekki verið á ábyrgð V sem ekki hafi átt þess annan kost en að senda bréfið með þessum hætti.

Álit.

Fyrir nefndinni gerir M kröfu um bætur úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A. Á 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga því við um frest hans til lögfræðilegra aðgerða. Þar kemur fram að hafni váttryggingafélag kröfu um bætur í heild eða að hluta glati sá sem rétt á til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefndinni innan

árs frá því að hann fékk sannanlega tilkynningu um höfnunina. Segir jafnframt í ákvæðinu að í tilkynningu félagsins verið að koma fram hver lengd frestsins sé og hvernig honum verði slitið og lögfylgjur þess að það verði ekki gert.

Fyrir liggur útskrift tveggja bréfa frá V sem bera það með sér að vera stíluð á M. Í hinu fyrra sem er dags. 5. janúar 2023 er, til samræmis við 94. gr. laga um vátryggingarsamninga, tilkynnt um að félagið hyggist bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð á grundvelli þess sem fram komi í frumskýrslu lögreglu. Í hinu síðara sem er dags. 16. febrúar 2023, kemur fram að bótaréttur verði felldur niður að fullu á grundvelli þess að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Í bréfinu er þá vakin athygli á því að verði ekki krafist meðferðar málsins hjá nefndinni eða því stefnt fyrir dómstóla innan árs frá móttöku tilkynningarinnar glattist réttur til bóta.

Er af þessu ljóst að efnislega var höfnunarbréf dags. 16. febrúar 2024 til samræmis við áskilnað 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Kemur þá til skoðunar hvort bréfið hafi verið sent með sannanlegum hætti. Samkvæmt skjáskotum úr kerfum V voru framangreind bréf bæði send með ábyrgðarpósti, á lögheimili M en um sama heimilisfang er að ræða og gefið er upp í málskoti og því engin ástæða til að ætla að þau hafi verið send á rangan stað. Almennt verður sendanda þá ekki um það kennt komist tilkynning sem send er með forsvaranlegum hætti ekki til skila viðtakanda. Í viðbótarathugasemddum V segir að síðara bréfið hafi verið endursent og þyki ljóst að M hafi ekki viljað taka við því. Um það hverjar ástæður endursendingar voru getur nefndin ekki fullyrt en sem fyrr segir verður að líta svo á að sending bréfsins hafi átt sér stað með forsvaranlegum og sannanlegum hætti og það sé ekki á ábyrgð V að M hafi ekki fengið það í hendur.

Verður því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að telja að frestur skv. 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga til að leggja mál fyrir nefndina hafi verið liðinn er málskot barst henni hinn 12. desember 2024. Þegar af þeirri ástæðu er mögulegur réttur M til bóta fallinn niður og koma efnisrök aðila þá ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 11. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir